



ALLT Á EINUM STAD

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

JÖKULL

1063. tbl - 23. árg.

13. apríl 2023



Æfðu saman á skírdag



Björgunarsveitirnar Lífsbjörg frá Snæfellsbæ og Klakkur frá Grundarfirði héldu sameiginlega æfingu á skírdag. Æfingin fór fram á Snæfellsjökli og notuðu björgunarsveitarmeðlimir tæki í eigu sveitanna sem koma að

góðum notum í erfiðum og snjópungum aðstæðum, þar á meðal buggy bíl og sexhjól.

Eftir æfinguna nærðu duglegir meðlimir sig með pylsum uppi á jöklinum.

SJ

U19 í lokakeppni EM



U19 landslið kvenna í knattspyrnu lauk á þriðjudag keppni í milliriðli fyrir EM sem fór fram í Danmörku. Milliriðilinn hófst miðvikudaginn 5. apríl og hafa stelpurnar spilað á móti Danmörku, Svíþjóð og Úkraínu. Sigrúðu þær fyrsta leik sinn við Danmörku 1-0 og á laugardaginn 8. apríl höfðu þær betur gegn Svíþjóð með 2-1 sigri sem tryggði þeim efsta sæti riðilsins og með því sæti á EM. Þær luku svo mótinu með leik á móti Úkraínu sem fór 2-2. Lið Íslands var eina liðið, ásamt gestgjöfum EM í ár, sem náðu

að tryggja sér sæti í lokakeppni EM eftir aðeins tvær umferðir í milliriðlunum. Lokakeppni EM fer svo fram í Belgíu dagana 18. til 30. júlí 2023, þar keppa átta lið í tveimur riðlum og tvö efstu lið hvors riðils fer í undanúrslit sem verða spiluð 27. júlí. Snæfellsbær á ennþá sína fulltrúa í U19 landsliði kvenna en Sædís Rún Heiðarsdóttir spilar sem fyrirliði liðsins og Eyrún Embla Hjartardóttir kom inn á í seinni hálfleik í leikjunum á móti Danmörku og Svíþjóð.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Stjórnar- og verndaráætlun endurnýjuð



Endurnýjuð stjórnar- og verndaráætlun fyrir Snæfellsjökulsþjóðgarð var undirrituð og staðfest við opnun þjóðgarðsmiðstöðvarinnar á Hellissandi í síðasta mánuði. Þá undirritaði Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra áætlunina en hún var unnin af fulltrúum Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrustofu Vesturlands, Snæfellsbæddur fyrir alla áhugasama þar sem fjallað var um málefni þjóðgarðsins auk sérstakra funda með hópum hagsmunaaðila. Einnig voru haldnir stefnumótunarfundir með nemendum á Snæfellsnesi til þess að hlusta á hlusta á hug-



myndir yngri kynslóða um framtíð þjóðgarðsins. Í áætluninni er lögð áhersla á verndun náttúru- og menningarminja um leið og fólk er boðið velkommið í þjóðgarðinn. Áhersla er lögð á vöktun og samstarf við aðrar stofnanir ásamt öflugri upplýsingamiðlun í gegnum vefsíðu sem mun veita áreiðanlegar upplýsingar um þjóðgarðinn, hægt verður að nálgast fræðsluefni og sækja um leyfi svo eitthvað sé nefnt. Áætlunina má finna á vefsíðu Snæfellsjökulsþjóðgarðs eða með því að skanna QR kóðann hér að neðan.

Á myndinni eru fyrrverandi þjóðgarðsverðir, þau Guðbjörg Gunnarsdóttir og Jón Björnsson, ásamt núverandi þjóðgarðsverði, Hákonni Ásgeirssyni, þau komu öll að vinnu við áætlunina.

Með þeim á myndinni er Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

JJ



Bifreiðaverkstæði .Egis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Getraunir 1x2

Það var rólegt yfir getraunastarfinu síðast liðinn laugardag enda margir að heiman. Það var eiginlega fyrirséð og því tókum við okkur frí. Næstkomandi laugardag hefst svo endaspretturinn í enska boltanum og eins hjá okkur. Það eru einungis átta umferðir eftir, og því er um að gera að spreyta sig á þessum leikjum, sem eftir eru, enda spennan mikil bæði á toppi og

eins í botn baráttunni. Það væri gaman að sjá sem flest þessa síðustu laugardaga af tímabilinu og taka þátt með okkur í getraunastarfinu og tippa nokkrar raðir. Við verðum í Áttthagastofunni á laugardögum klukkan 11.00 til 12.00 með kaffi á könnunni.

Áfram Víkingur.

TÖKUM AÐ OKKUR ALLA MALBIKSVINNU - stóra sem smáa -

Verðum á Snæfellsnesi 20.07 – 05.08
Allar upplýsingar veita
Baldvin s: 896 5332 og Jón s: 854 2211



Tilboðs fyrirspurnir

854 2211

Óseyri 18 - Malbikun.is - jon@malbikun.is

Árshátíðir í grunnskólum

Undanfarið hafa grunnskólar um allt land haldið árshátíðir sem nemendur leggja mikinn undirbúning og vinnu í til að setja upp frábærar sýningar til að skemmta áhorfendum. Í Snæfellsbæ voru haldnar fjórar árshátíðir, ein fyrir hver skólastig norðan heiða og ein árshátíð í Lýsudeild. Árshátíð unglíngastígs Grunnskóla Snæfellsbæjar var haldin 16. febrúar í félagsheimilinu Röst, þá þjónuðu starfsmenn skólans til borðs og nemendur á unglíngastigi sjá um skemmtiatriði og ball. Þriðjudaginn 21. mars var árshátíð miðstígs í félagsheimilinu Klifi þar

sem nemendur í 5. til 7. bekk settu upp leikritið Matthildi eftir Roald Dahl við góðar undirtektir. Árshátíð Lýsudeildar fór svo fram í samkomusal skólans fimmtudaginn 23. mars þar sem nemendur í 1. til 10. bekk settu upp ýmis leik- og söngatriði fyrir áhorfendur og hlutu góðar mótökur. Fimmtudaginn 30. mars var að lokum árshátíð yngsta stígs norðan heiða og fluttu nemendur í 1. til 4. bekk listavel leikverkið Konungur ljónanna.

Fimmtudaginn 30. mars var einnig árshátíðardagur í Grunnskóla Grundarfjarðar, þar komu

nemendur á Eldhömrum og í 1. til 7. bekk fram og sýndu leikrit, söng og myndbönd. Nemendur í 7. bekk sáu um að kynna atriðin. Fullt hús var af áhorfendum og stóðu allir nemendur sig frábærlega. Síðar um kvöldið var árshátíð unglíngastígs þar sem foreldrar sáu um mat og frágang en nemendur sjálfir sáu um skreytingar, veislustjórn og skemmtiatriði. Meðfylgjandi myndir eru frá árshátíð miðstígs í Grunnskóla Snæfellsbæjar, árshátíð Grunnskóla Grundarfjarðar og Lýsudeildar.

SJ



Unnu verk um vistkerfi

Fimmti bekkur Grunnskóla Snæfellsbæjar norðan heiða, hefur í vetur tekið þátt í þróunarverkefninu List og lífbreytileiki á vegum Náttúruminjasafns Íslands. Verkefnið hlaut styrk frá Barnamenningarsjóði Íslands og taka átta skólar af landinu þátt í því. Umsjónarmenn þess eru Helga Aradóttir og Ragnildur Guðmundsdóttir safnkennarar Náttúruminjasafns Íslands.

Verkefnið er samstarf Náttúruminjasafns Íslands og BIODICE (samstarfsvettfangur um lífræðilega fjölbreytni á Íslandi). Það er þverfaglegt og unnið er með breiðum og fjölbreyttum hópi listafólks og BIODICE.


Markmiðið er að virkja ímyndunaraflið með þverfaglegu samstarfi vísinda og lista og eiga opinskátt samtal við nemendur um lífbreytileika og mikilvægi hans fyrir komandi kynslóðir. Að nemendur fái fræðslu og örvun til að taka þátt í skapandi samtali við leiðbeinendur sína og kynnast vinnubrögðum beggja sviða, náttúrufræða og lista.

Á haustdögum voru listakornurnar Rán Flygering og Elín Elísabet með vinnustofu fyrir nemendur sem bar nafnið, Sögur úr moldinni og var þar unnið með lífríkið og lífbreytileika í moldinn og unnu nemendur listaverk sem sýna hvað gerist ofan í moldinni.

Í framhaldi af því unnu nemendur verk sem sýna vistkerfi og fæðukeðju í ýmsa miðla, myndir, teiknimyndasögur og ljóðagerð undir leiðsögn umjónarkennara og myndmentakennara. Lokaafurðir verkefnisins verða settar upp í stóru innsetningarverki í Dropanum, sérsýningarrými Náttúruminjasafnsins í Perlunni og verður sýnd á sama tíma og Barnamenningarhátíð í Reykjavík (18.-23. apríl 2023), sýningin mun þó standa fram í maí.

ÞA





Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
lögilltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Nýr starfsmaður á Jaðri



Íbyrjunárs auglýsti Dvalarheimilið Jaðar eftir starfsmanni sem fer með skipulagningu og umsjón félagsstarfs fyrir íbúa heimilisins. Ráðið hefur verið í það starf og bættist Jóhanna Jóhannesdóttir í hóp starfsmanna um miðjan mars mánuð. Mun hún hafa umsjón með félagsstarfi og afþreyingu fyrir íbúana. Mun hún einnig sjá tímabundið um leikfimi fyrir íbúa á meðan Gestheiður Guðrún er í barnburðarleyfi. Það er margt spennandi á döfni á Jaðri og er þessi nýja viðbót við öflugra starfsmannahópinn kærkomin. Bjóða forsvarsmenn Jaðars hana velkomna til starfa.

SJ

Hundahreinsun í Snæfellsbæ

13. apríl 2023

Hundaeigendur í Snæfellsbæ athugið:

Hundahreinsun verður fimmtudaginn 13. apríl frá 13:00 – 17:00 í Áhaldahúsinu í Ólafsvík.

Við viljum benda því fólki sem lætur hreinsa og bólusetja sína hunda annars staðar, að koma tilkynningum eða skirteinum um slíkt til bæjarskrifstofu.

Við bendum eigendum óskráðra hunda og katta að skrá þá þegar í stað!

Við hvetjum fólk til að mæta með hunda og ketti sína í hreinsun, hvort sem þeir eru skráðir eða óskráðir.



Snæfellsbær | Klettsbúð 4 | 433 6900 | snb.is



Hopp rafskútur virkar í Snæfellsbæ



Miðvikudaginn 5. apríl síðastliðinn skrifuðu rekstraraðilar Hopp á Snæfellsnesi og Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar undir samstarfsfirlýsingu vegna reksturs á stöðvalausri deilileigu fyrir rafskútur í Snæfellsbæ. Skrið var undir samstarfsfirlýsinguna á veitingastaðnum Sker og voru Friðþjófur Orri Jóhannsson og Benedikt Gunnar Jensson á staðnum fyrir hönd Snæhopps, Kristinn Jón-

asson fyrir hönd Snæfellsbæjar og Þorgrímur Kári Emilsson fyrir hönd Hopp. Að undirskriftinni lokinni tók Kristinn jómfrúarferð á einni rafskútunni og þar með voru rafskúturnar orðnar virkar í Snæfellsbæ. Bæjarbúar og gestir virðast taka fagnandi á móti rafskútunum en þær má sjá víðsvegar um þéttbýli sveitarfélagsins.

SJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

